

# Reglur um innritun í grunnskóla Sveitarfélagsins Árborgar

## 1. gr.

Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Skólaskyld börn sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg eiga rétt á skólavist eftir því sem nánar segir til um í reglum þessum. Það á einnig við börn sem er ráðstafað til fósturforeldra eftir nánara samkomulagi.

Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfræktir þrjár grunnskólar, Vallaskóli, Sunnulækjarskóli og Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá er verið að undirbúa byggingu fjórða grunnskólans í Björkurstykki á Selfossi. Hver grunnskóli tilheyrir ákveðnu skólahverfi sem nánar er skilgreint í 2. gr. Allir nemendur sem eiga lögheimili innan skólahverfis tiltekins grunnskóla eiga sjálfkrafa rétt á skólavist í viðkomandi skóla.

## 2. gr.

**Vallaskóli. Hverfi Vallaskóla afmarkast af öllum svæðum norðan Fossvegur (norðan Móavegar), Fossheiðar, Grashaga, Háengis, Álftarima og Langholts.**

**Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra upptökusvæði Vallaskóla:**

Austurmýri	Fossvegur	Jórutún	Seljavegur
Austurvegur	Furugrund	Kirkjuvegur	Sigtún
Álftarimi	Grashagi	Kringlumýri	Skólavellir
Árbakki	Grenigrund	Langamýri	Sléttuvegur
Árbæjarvegur vestri	Grænamörk	Langholt	Smáratún
Ártún	Grænuvellir	Larsenstræti	Sóltún
Árvegur	Hafnartún	Laugardælavegur	Sólvellir
Bankavegur	Háengi	Laxabakki	Stekkholt
Birkigrund	Heiðarvegur	Lyngheiði	Suðurlandsvegur
Birkivellir	Heiðmörk	Lækjarbakki	Suðurtröð
Bæjartröð	Hellismýri	Mánavegur	Sunnuvegur
Engjavegur	Hellisskógur	Merkiland	Tryggvagata
Eyrarbyggavegur	Hellubakki	Miðtún	Tröð
Eyravegur	Hjarðarholt	Norðurtröð	Tunguvegur
Fagramýri	Hlaðavellir	Rauðholt	Vallartröð
Fagurgerði	Hrísholt	Reynivellir	Vallholt
Fossheiði	Hrísmýri	Réttarholt	Víðivellir
Fossnes	Hörðuvellir	Selfossbær	Þóristún
Fosstún	Jaðar	Selfossvegur	Þórsmörk

**Sunnulækjarskóli. Hverfi Sunnulækjarskóla afmarkast af:**

- Háengi, Álftarima og Langholti í norðri

- Starengi, Dælengi, Lágengi, Norðurhólum, Álfhólum, Dverghólum og Tröllhólum í vestri
- Suðurhólum í suðri
- Austurhólum í austri

### Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra upptökusvæði Sunnulækjarskóla:

Aðaltjörn	Háengi	Seljaland
Akraland	Hólatjörn	Sílatjörn
Álfhólar	Hrafnhólar	Smáraland
Álftarimi	Hraunhella	Snæland
Ástjörn	Hrauntjörn	Spóarimi
Bakktjörn	Kálfhólar	Starengi
Baugstjörn	Langholt	Stekkjjarland
Dverghólar	Lágengi	Suðurengi
Dælengi	Lóurimi	Suðurhólar
Erlurimi	Miðengi	Tjaldhólar
Fagrahella	Móhella	Tryggvagata (fyrir neðan Norðurhóla)
Fífutjörn	Móland	Tröllhólar
Folaldahólar	Mýrarland	Urðartjörn
Gauksrimi	Nauthólar	Vallarland
Gráhella	Norðurhólar	Vörðuland
		Prastarimi
Grundartjörn	Seftjörn	Kelduland
		Hulduland
		Grundaland

### Nýr skóli í Björkustykki (nemendur sækja Vallaskóla fyrst í stað).

Hverfi nýs skóla afmarkast af:

- *Fossheiði* og *Grashaga* í norðri
- *Kjarrmóa*, *Starmóa*, *Bleikjulæk*, *Eyrlæk* og *Laxalæk* í vestri
- *Suðuhólum* í suðri
- *Kjarrhólum*, *Grafhólum*, *Birkihólum*, *Lambhaga*, *Laufhaga* og *Reyrhaga* í austri

Akurhólar	Gagnheiði	Lágheiði
Álalækur	Grafhólar	Lyngmói
Berghólar	Grashagi	Melhólar
Birkihólar	Hagalækur	Móavegur
Bleikjulækur	Heimahagi	Nauthagi
Dranghólar	Hellishólar	Norðurhólar
Eyrbakkavegur	Hraunhólar	Reyrhagi
Eyrlækur	Kerhólar	Starmói
Eyravegur	Kjarrhólar	Suðurhólar
Fífumói	Kjarrmói	Tjarnarmói

Flugvöllur	Lambhagi	Urðarmói
Fossheiði	Laufhagi	Úthagi
Fossvegur	Laxalækur	Vesturhólar

## **Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri.**

### **Eftirtaldar götur, svæði og bæir tilheyra skólahverfi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri:**

Álfsstétt, Bakarísstígur, Búðarstígur, Dvergasteinar; Eyrargata, Háeyrarvegur, Háeyrarvellir, Hjalladæl, Hjallavegur, Hulduhóll, Merkisteinsvellir, Mundakot, Nesbrú, Ólafsvellir, Sólvellir Eyrabakka, Túngata, Þykkvaflöt, Blómsturvellir, Bæir við Stokkseyri, Eyjasel, Eyrarbraut, Hafnargata, Hásteinsvegur, Heiðarbrún, Íragerði, Sandgerði, Stjörnusteinar, Stokkseyri, stök hús, Strandgata, Tjarnarstígur og bæir í fyrrum Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppi. .

### **3. gr.**

Heimilt er að veita undanþágu frá reglum þessum sem hér segir:

- a) Heimilt er að veita nemanda skólavist í grunnskóla utan þess skólahverfis sem hann á lögheimili í. Umsókn, á þar til gerðu umsóknareyðublaðinu *beiðni um flutning milli grunnskóla*, sem er á [arborg.is](http://arborg.is), skal beint til skrifstofu fjölskyldusviðs, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi. Afgreiðsla umsókna er í samræmi við reglur þessar
- b) Ef nemandi flytur lögheimili milli skólahverfa er ekki gerð krafa um að hann flytji í annan skóla
- c) Ef þannig háttar til sem í a og b lið greinir er heimilt að veita yngri systkinum skólavist í sama skóla. Umsókn, á þar til gerðu umsóknareyðublaði (*Beiðni um flutning milli grunnskóla*), skal beint til skrifstofu fjölskyldusviðs, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi

### **4. gr.**

Synja skal beiðni samkvæmt a og c lið 3. gr.:

- a) Þegar sýnt er að að nægilegt húsrými er ekki til staðar fyrir fleiri nemendum en þá sem eiga sjálfkrafa skólavist
- b) Þegar sýnt er að flutningur nemenda á milli skóla leiði til fjölgunar hópa/bekkja í viðkomandi árgangi

### **5. gr.**

Reglur þessar skal endurskoða í febrúar ár hvert. Reglur þessar öðlast þegar gildi við staðfestingu bæjarráðs Árborgar.

Reglur þessar eru settar með vísan í 18. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.

*Afgreitt í fræðslunefnd 13. mars 2019*

*Afgreitt í bæjarstjórn Árborgar þann .....2019.*

